

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. júní 2013

Efni: Umsögn um lagafrumvarp um breytingu á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld (innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.). Mál 15., 142. Löggjafarþing.

Varðandi stjórnun fiskveiða og endurgjald af atvinnustarfseminni hefur Starfsgreinasamband Íslands alla tíð lagt mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð sjávarútvegsfyrirtækja, atvinnufrelsi, sjálfbæra nýtingu fiskistofna, atvinnu- og byggðamál, og að þjóðin fái eðlilegt afgang af sameiginlegri eign þjóðarinnar. Innan aðildarféлага Starfsgreinasambandsins starfa tæplega 5.500 félagsmenn í fiskvinnslu og því hafa breytingar á bæði fiskveiðistjórnun og skattlagningu greinarinnar áhrif á félagsmenn.

Starfsgreinasambandið vill ítreka nokkur atriði sem komið var á framfæri í tengslum við fyrri umsagnir þegar veiðileyfagjald var til umfjöllunar og snýr sérstaklega að fiskvinnslufólki og búsetuskilyrðum í landinu.

- Starfsgreinasambandið hefur ítrekað bent á að stjórnvöld verða að framkvæma ítarlega rannsókn á hagrænum og félagslegum afleiðingum þeirra breytinga sem ráðist er í hverju sinni og hvernig áhrifin verða á sjávarbyggðir, sjávarútveg, starfsöryggi og kjör launafólks í greininni. Þá þarf að fylgjast vel með breytingum sem verða vegna stjórnvaldákvarðana með sérstakri athygli á sjávarbyggðir sem byggja allt sitt á veiðum og vinnslu.
- Sú aðferðafræði sem lagt var upp með varðandi veiðigjald með lögum nr. 74/2012 er að mati SGS góð þó lagt hafi verið til varfærnari skattheimta í fyrstu til að gefa greininni svigrúm til aðlögunar.
- Fiskvinnsla og útgerð eru án efa mikilvægustu atvinnugreinar margra byggðarlaga og má að vissu leyti líta á veiðigjaldið sem auknar álögur á sjávarbyggðir landsins. Í ljósi þess þarf að tryggja að landsbyggðin fái ráðstafað hluta af tekjunum til að styrkja byggðirnar og þannig vinna gegn þeirri byggðaröskun sem frumvarpið getur haft í för með sér. Þannig telur SGS æskilegt að stærra hlutfalli af þeim tekjum sem veiðiheimildir gefa af sér verði úthlutað beint til sveitarfélaga og landshlutasamtaka.
- Þó vissulega megi deila um útfærslu veiðileyfagjaldsins í þeim lögum sem nú er lagt til að breyta þá er með þessu frumvarpi verið að skerða tekjur ríkissjóðs um allt að 10 milljarða á fiskveiðiárinu 2013/2014. Á sama tíma eru gefin skýr skilaboð um að ekki sé til fjármagn fyrir lofaðri hækkun launa kvennastétta innan heilbrigðisstofnana en þær hækkunir kosta einn milljarð árið 2013. Það verður ekki undan því vikist að velta því fyrir sér hverjar afleiðingarnar verða til dæmis á starfsfólk hins opinbera þegar verið er að skerða tekjustofnana eins mikið og raun ber vitni.



Starfsgreinasamband Íslands

- Mörg fyrirtæki í sjávarútvegi hafa á nýliðnum misserum skilað áður óþekktum hagnaði sem byggist að stórum hluta til á hagstæðu gengi, auknum heimildum og tækniframförum í greininni. Þá ber að horfa til þess að starfsfólk innan greinarinnar hefur aukið við menntun sína sem skilar sér beint í aukinni framleiðni. Hagnaður fyrirtækjanna hefur þó ekki skilað sér til landverkafólks nema í litlum mæli og oft eftir ákvörðunum stjórnenda einstakra fyrirtækja. Það er því ekki hægt að ganga að því sem vísu að aukinn hagnaður komi starfsfólki til góða nema í gegnum sameiginlega sjóði.

Um SGS

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) er landssamband almenns og sérhæfðs verkafólks. SGS er stærsta landssamband innan ASÍ, en 19 verkalýðsfélög eiga aðild að sambandinu með um 50 þúsund félagsmenn.

Aðildarfélög SGS eru þessi:

Efling-stéttarfélag, Vlf. Akraness, Stéttarfélag Vesturlands, Vlf. Snæfellinga, Vlf. Vestfirðinga, VI og sjómf Bolungarvíkur, Stéttarfélagið Samstaða, Aldan stéttarfélag, Eining-lðja, Framsýn stéttarfélag, Vlf. Þórshafnar, Afl-Starfsgreinafélag, Vlf. Suðurlands, Bárán stéttarfélag, Drifandi stéttarfélag, Vfl. Grindavíkur, VI og sjómf Keflavíkur og nágrennis (VSFK), VI og sjómf. Sandgerðis og Vlf. Hlíf.

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri